



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Þórunnartúni 6, 105 Rvk, mánudaginn 13. nóvember 2017 kl. 16:30.

(Fundur nr. 4 frá Stórutjarnarskóla)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Þuríður Yngvadóttir, Laufey Hannesdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Jens Baldursson, Guðbrandur Brynjúlfsson, Kristinn H. Þorsteinsson, Páll Ingbór Kristinsson, Brynjólfur Jónsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem ritaði fundargerð).

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt með smávægilegum málarsleiðréttingum.

2. Samstarf um skógræktarfræðslu – skipun fulltrúa

Kristinn H. Þorsteinsson tilnefndur fulltrúi SÍ.

3. Jólatré og undirbúningur vertíðar –

Rakel Ýr Sigurðardóttir hjá ABS-Media (sem hefur verið Skógræktarfélagi Reykjavíkur til aðstoðar vegna jólamarkaðarins) ætlar að kynna tillögur að kynningarátaki sem færi af stað í byrjun desember. Hún leggur til að þetta markaðsstarf fari að mestu í gegnum samfélagsmiðla og því verði beint til Íslendinga að kaupa íslensk jólatré.

4. Landgræðsluskógar – samn. Barri ehf

Barri ehf. mun hætta rekstri í núverandi mynd (félagið verði lagt niður) og snýr sér að Wasabiræktun. Af þeim sökum mun fyrirtækið ekki geta staðið við samninga um afhendingu skógarplantna til landgræðsluskóga á næsta sumri, skv. samningi. Kynntur var samningur um að Barri afhendi SÍ skógarplöntur af ýmsum tegundum, að heildarverðmæti kr. 19 m kr. Samþykkt af stjórn.

5. Úlfljótsvatn sf

Kynnt var skýrsla stjórnar Úlfljótsvatns vegna aðalfundar 2017. Fastur kostnaður af rekstri Úlfljótsvatns á árinu er um 2 m kr. Á sumrinu fóru í jörð 83 þús. plöntur á vegum Kolviðar.

6. Stefnumótunarvinna

Jónatan kynnti tillögur sínar að breytingum á texta stefnumótunardraganna. Koma skal með frekari viðbætur fyrir næsta stjórnarfund.

7. Önnur mál

Andri Snær Magnason hefur fallist á að taka að sér formennsku í Yrkjusjóðnum.

Arionbanki: Haldinn skal lýðheilsudagur í skógum á næsta sumri. Málið verði rætt á fundi um fræðslustarf þann 16/11 (Kristinn H. Þorsteinsson og Jón Ásgeir Jónsson).

Jólaboð SÍ verður haldið 29. des.

Varamenn í stjórn Landgræðslusjóðs: Jónatan Garðarsson og Laufey Hannesdóttir.

Næsti fundur: 11. des.